

Fundargerð 04.05.23

**Mætt voru:** Gunnar Sigurðsson og Erla Erlendsdóttir fulltrúar foreldra, Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi, Sandra Lóa fulltrúi kennara, María skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundarins:**

**Niðurstöður Olweusarkönnunar:**

Kolbrún fór yfir niðurstöður Olweusarkönnunar. Könnunin fór fram 20. feb.- 23. mars. Hún var lögð fyrir nemendum í 5.-10. bekk og var svarhlutfallið um 95%.

Rætt var um að niðurstöður könnunar á miðstigi hafa mikið forspárgildi fyrir unglíngadeildina. Þeim nemendum sem líður vel á miðstigi eru líklegri til að líða vel í unglíngadeild. Það þarf því að huga sérstaklega vel að líðan nemenda í miðdeild. Rætt var um efla félagsmiðstöðina t.d. með vinahópum. Einnig er mikilvægt að skólinn upplýsi foreldrar um stöðu mála með það að markmiði að auka samvinnu heimils og skóla.

**Skólaþing og undirbúningur þess:**

María ræddi um að fyrirhugað er að halda skólaþing í maí og gerði það að tillögu sinni að það yrði haldið á skólatíma að þessu sinni. Það hefur ekki verið góð þátttaka foreldra þegar það hefur verið á laugardegi.

Umræðuefni skólaþings verður: Líðan ungmenna í skólanum.

**Önnur mál:**

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.